

Dags. 14. október 2008

Endurskoðað 19. október 2008

Tilvís. 2008100036

Til: Stjórnar Fjármálaeftirlitsins
Frá: Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins

Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings

Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings Landsbanka Íslands hf., Kaupþings hf. og Glitnis hf. í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Með vísan í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, hefur Fjármálaeftirlitið sett saman samræmt viðmið um framsetningu stofnefnahagsreiknings nýs banka. Markmiðið með þessu er að samræma vinnubrögð við yfirfærslu eigna og skulda í nýjan banka og koma með tillögu um áætlað mat en formlegt verðmat eigna og skulda fer fram síðar.

Við yfirfærslu eigna er haft til hliðsjónar að flytja allar eignir sem tengjast innlendri starfsemi gamla bankans yfir í hinn nýja. Erlend dótturfélög og erlend útibú bankans verða því eftir í gamla bankanum nema í þeim tilfellum sem meginstarfsemi þeirra fer fram á Íslandi.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir yfirferð einstakra liða opnunarefnahagsreiknings.

Eignir

Sjóður og innstæður í Seðlabanka færast allar yfir í nýja bankann á bókfærðu verði.

Afleiðusamningar eru ekki færðir yfir í nýja bankann.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum eru færð yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði nema þau verðbréf sem gefin eru út af fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði.

Verðbréf vegna áhættuvarna eru færð yfir í nýja bankann á gangvirði.

Kröfur á lánastofnanir eru færðar yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði nema kröfur á fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008.

Útlán til viðskiptavina önnur en þau sem tilgreind eru hér á eftir eru færð yfir í nýja bankann á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðra afskrifta einstakra útlána. Við yfirferð einstakra útlána

skal miðað við að skoðuð séu stærstu útlán eða að lágmarki 40% af heildarútlánasafni gamla bankans.

Eftirfarandi útlán eru ekki færð yfir í nýja bankann:

- Veðsett útlán
- Rekstrareiningar um sérverkefni (SPV)
- Útlán sem eru hluti af „total return swap“
- Útlán sem heyra undir reglur um sértryggð skuldabréf
- Sérstaklega áhættusöm útlán, t.d. millilagslán (mezzanine) og útlán sem falið geta í sér framtíðarskuldbindingar (undrawn revolvers)

Hlutir í hlutdeildarfélögum Allir hlutir í innlendum hlutdeildarfélögum flytjast yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði.

Fjárfesting í dótturfélögum Innlend og erlend dótturfélög sem tengjast innlendri starfsemi flytjast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, önnur ekki.

Rekstrarfjármunir fara allir yfir í nýja bankann á bókfærðu verði nema þeir tilheyri erlendum útibúum sem skilin eru eftir í gamla bankanum.

Óefnislegar eignir sem nýtast í rekstri nýja bankans flytjast yfir á matsvirði.

Fastafjármunir til sölu eru allir færðir yfir á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu.

Skatteign er ekki færð yfir í nýja bankann.

Aðrar eignir. Eftirtaldar aðrar eignir eru færðar yfir í nýja bankann:

- Óuppgerð viðskipti á bókfærðu verði
- Viðskiptakröfur á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu
- Listmunir á bókfærðu verði
- Aðrar eignir sem eiga við hverju sinni

Skuldir

Innlán, önnur en í erlendum útibúum gamla bankans, skal færa á bókfærðu verði.

Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka er ekki færð yfir í nýja bankann.

Vikjandi lán eru ekki færð yfir í nýja bankann.

Skattskuldbindingar eru ekki færðar yfir í nýja bankann.

Aðrar skuldir. Óuppgerð viðskipti færast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, annað verður eftir í gamla bankanum, þar með talið skuldir tengdar afleiðusamningum.

Önnur atriði

Kröfur og skuldir við innlend greiðslukortafyrirtæki sem ekki hafa verið færð á efnahagsreikning gamla bankans þarf að færa sem útlán og skuld við fjármálafyrirtæki í opnunarefnahagsreikningi nýja bankans.

Rekstrarskuldir gamla bankans eru ekki færðar yfir í nýja bankann, sama hvaða nafni þær nefnast. Það er í höndum stjórnenda nýju bankanna hvers um sig að ganga frá málum við þá aðila sem þeir telja bankann þurfa að vera í áframhaldandi viðskiptum við.

Áætla þarf verðmæti óbókfærðra listmuna í eigu bankans og færa í opnunarefnahagsreikning.

Hafa skal í huga ákvarðanir sem fram koma í minnisblöðum um afleiðusamninga og endurhverf viðskipti.

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

- Ónýttar yfirdráttarheimildir,
- Skuldbindingar vegna skuldbindandi lánalína (committed loan facilities) og
- Ábyrgðir vegna innlendrar starfsemi.

Míðað er við gengi gjaldmiðla 30. september 2008.

Fyrirvari er gerður um að forsendur þessar gætu breyst á meðan vinna við skiptingu efnahags bankanna þriggja stendur yfir.